



25. fundur stjórnar LH 2022-2024
12. júní 2024 kl. 19:00
Fjarfundur

Mætt úr aðalstjórn: Guðni Halldórsson, Ólafur Gunnarsson, Þórhildur Katrín Stefánsdóttir, Sóley Margeirsdóttir, Unnur Rún Sigurpálsdóttir

Mætt úr varastjórn: Gróa Björg Baldvinsdóttir, Randi Holaker, , Birna Tryggvadóttir,

Fjarverandi: Valdimar Magnús Ólafsson

Forföll boðuðu: Sveinn Heiðar Jóhannesson, Edda Rún Ragnarsdóttir, Hákon Hákonarson.

Fundargerð ritar: Berglind Karlsdóttir

Formaður setur fund og stýrir fundi.

1. Samþykkt fundargerðar

2. Áhugamannamót Íslands

Áhugamannamót Íslands var auglýst til úthlutunar dagana 9. til 11. ágúst. Ekkert aðildarfélag hefur lýst yfir áhuga á að halda mótið.

Afgreiðsla: Samþykkt að kanna hvort félag á Vesturlandi treysti sér til að halda mótið.

3. FEIF Youth Cup 2024

Youth Cup fer fram í Sviss dagana 13. til 20. júlí. Ísland sendir sex þátttakendur á mótið og ásamt þeim fara frá Íslandi einn fararstjóri og tveir liðsstjórar. Íslensku þátttakendurnir fá lánaða hesta sem eru staðsettir í Sviss. Erfiðlega hefur gengið að fá þátttakendur á mótið svo dæmi sé tekið senda Danmörk, Svíþjóð og Noregur enga þátttakendur.

4. Miðbæjarreið laugardaginn 29. júní

Miðbæjarreiðin var fyrirhuguð þriðjudaginn 28. maí en var frestað vegna framkvæmda í miðbænum. Ætlunin er að halda reiðina laugardaginn áður en Landsmót hefst í þeim tilgangi að kynna Landsmót. Borgin hefur veitt leyfi fyrir að riðið verði frá BSÍ í gegnum Hljómskálagarðinn og kringum Tjörnina. Hestamannafélögin á höfuðborgarsvæðinu hafa verið beðin um að senda 10 knapa hvert í reiðina. Stjórnarmenn hvattir til að mæta.

5. Kæra til LH vegna úrtöku- og gæðingamóts Harðar

Þrír keppendur í úrtöku- og gæðingamóti Harðar hafa lagt fram kæru til LH vegna þátttöku keppanda sem keppti fyrir annað félag fyrr á árinu. Keppnisnefnd vísar málinu frá sér, enda sé nefndin ekki úrskurðarnefnd.

Afgreiðsla: Samþykkt að vísa kærurni til úrskurðar- og aganefndar LH.

6. Önnur mál

Fyrirhuguð er heimsókn stjórnar á Fákssvæðið á föstudag í næstu viku.

Fundi slitið kl. 20.00